

Er verið að vanrækja eða beita barn ofbeldi heima fyrir?

Ragnheiður Magnúsdóttir



Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar B.Ed.-gráðu
í Leikskólafræði við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Apríl 2009

Lokaverkefni til B.Ed. –prófs

Er verið að vanrækja eða beita barn ofbeldi heima fyrir?

Leiðbeiningar fyrir starfsmenn leikskóla ef grunur vaknar um að verið sé að vanrækja eða beita barn ofbeldi.

Ragnheiður Magnúsdóttir
060580-4809

Háskóli Íslands
Menntavísindasvið
Kennaradeild, Leikskólakennarafræði
Apríl 2009

Leiðbeinandi

Anni G. Haugen

Úrdráttur

Markmið þessarar ritgerðar er að fjalla um þær slæmu aðstæður sem börn geta lent í á sínu eigin heimili. Því miður búa sum börn við slæmar aðstæður og skiptir engu hvar í samfélaginu er leitað að þeim aðstæðum. Börn eru vanrækt, þau eru beitt andlegu ofbeldi, líkamlegu ofbeldi og kynferðislegu ofbeldi jafnvel af þeim sem þeim þykir vænst um. Farið verður yfir þessa þætti ofbeldis ásamt afleiðingum og einkennum. Góð skil verða á barnavernd og verklagsreglum um tilkynningaskyldu starfsmanna leikskóla til barnaverndarnefndar. Mikilvægast af öllu er að vernda barnið en jafnframt að viðhalda þagnarskyldu við foreldra og barn þegar því verður við komið. Þessi ritgerð sýnir fram á hvað ég, sem starfsmaður á leikskóla skuli gera ef mig grunar að barn sé beitt ofbeldi eða vanrækt. Sem leikskólakennari er mikilvægt að vera til staðar fyrir barn sem hefur orðið fyrir ofbeldi, vera tilbúinn að hlusta á barnið þegar það opnar sig og spyrja það opinna spurninga. Jafnframt er mikilvægt að ræða við barn á opinskáan hátt til þess að útiloka allan misskilning. Hjá barnaverndarnefnd starfar fólk sem er menntað til þess að ræða fagmannlega við börnin án þess að nokkur vafi spili inn í.

Upp úr ritgerðinni var unninn aðgerðarbæklingur fyrir starfsfólk á leikskólum, gruni það að barn sé beitt ofbeldi eða vanrækt.

Barn skal ávallt njóta vafans, og er betra að tilkynna um einu máli fleira en færra.

Ragnheiður Magnúsdóttir

Efnisyfirlit

Úrdráttur.....	3
Inngangur.....	6
1. Ofbeldi gagnvart börnum.....	8
1.1 Vanræksla	10
1.1.2 Einkenni vanrækslu.....	11
1.1.3 Afleiðingar vanrækslu.....	12
1.2 Andlegt ofbeldi.....	13
1.2.1 Einkenni andlegs ofbeldis	14
1.2.2 Afleiðingar andlegs ofbeldis.....	14
1.3 Líkamlegt ofbeldi.....	15
1.3.1 Einkenni líkamlegs ofbeldis	16
1.3.2 Afleiðingar líkamlegs ofbeldis	16
1.4 Kynferðislegt ofbeldi	17
1.4.1 Einkenni kynferðislegs ofbeldis	18
1.4.2 Afleiðingar kynferðislegs ofbeldis	20
2. Barnavernd	21
2.1 Verklagsreglur/tilkynningaskyldan	22
3. Hvað geri ég sem starfsmaður?	24
3.1 Hver er réttur barnsins?	27
3.2 Staða foreldra gagnvart starfsfólki.....	28
3.3 Staða starfsfólks gagnvart foreldrum.....	28
3.4 Hvað ber að hafa í huga	29
4. Af hverju er þörf á aðgerðarbæklingi.....	31

4.1 Uppbygging bæklings	32
4.2 Hverjum nýtist bæklingurinn	33
4.3 Viðbrögð stjórnenda fjögurra leikskóla Akranes á bæklingnum	33
5. Lokaorð	35
6. Heimildaskrá	37
7. Auka skjal: Bæklingurinn	

Inngangur

Flest börn búa á kærleiksríkum og öruggum heimilum en því miður kemur það stundum fyrir að börn eru beitt ofbeldi og eða vanrækt. Enginn er í raun öruggur því hver sem er getur verið gerandi hvort sem það er móðir barnsins, faðirinn, systkini þess, ókunnugir eða einhverjir kunnugir barninu. Ofbeldi og vanræksla eru vandamál sem hægt er að finna hvar sem er í þjóðfélaginu. Áður fyrr þótti það eðlilegt að hýða börn og refsa þeim en á 18. og 19. öld voru börn snemma farin að vinna og þótti það ekki tiltökumál að börn ynnu við hlið foreldra sinna. Mikil fátækt var ríkjandi og því voru erfið lífsskilyrði sem biðu ungra barna. „Ekki var óalgengt að börn allt frá fimm ára aldri hafi þurft að vinna til að létta undir með fullorðnum. Voru börn sem ekki stóðust kröfur hinna fullorðnu eða jafnvel samfélagsins beitt hörðum refsingum“ (Jónína Einarsdóttir, Sesselja Th. Ólafsdóttir og Geir Gunnlaugsson, 2004:15). Í dag eru sem betur fer breyttir tímar, með tilkomu barnasáttmála sameinuðu þjóðanna, barnaverndarlaganna, verklagsreglana og barnaverndarnefndanna. Þó að í gildi séu þung viðurlög við að beita barn ofbeldi gerist það á mörgum heimilum.

Hér verður fjallað um helstu hliðar ofbeldis og vanrækslu sem börn geta orðið fyrir. Einnig verður varpað ljósi á það hvernig ég, sem starfsmaður á leikskóla eigi að bregðast við gruni mig að barn sé beitt ofbeldi eða vanrækt. Nauðsynlegt er fyrir starfsfólk á leikskólum að vita hvernig rétt sé að bregðast við, gruni það að barn sé beitt ofbeldi eða vanrækt.

Á Íslandi hefur barnasáttmáli verið í gildi síðan 26. janúar 1990 með fyrirvara um fullgildingu sem tók loks formlega gildi 27. nóvember 1992. Síðan samningurinn var gerður fullgildur 1992 hefur verið unnið að ýmsum breytingum til að aðlaga íslenskan rétt og stjórnsýslu að ákvæðum hans. Í stjórnarskrá Íslands stendur t.d. orðrétt í 3. mgr. 76. greinar að: „Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst“ (Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 1996). Að ala upp barn getur verið erfitt og það á alls ekki við alla. Að eignast barn er ekki draumur allra einstaklinga en ákveði einstaklingur að eignast barn er hann skyldugur til þess að hugsa á sem bestan hátt um það barn og búa því sem bestar aðstæður. Samkvæmt 18. gein barnasáttmála sameinuðu þjóðanna, skal það sem barninu er fyrir bestu ávallt vera okkur efst í huga (Þórhildur

Líndal, 2007:36). Hverri manneskju sem ákveður að eignast barn ber skylda til þess að muna að hagur barnanna okkar skal ávallt vera í fyrirrúmi.

Í barnasáttmálanum stendur skýrt að það beri að vernda börn fyrir öllu því órétti og þeim skaða sem þau eiga ekki skilið. Jafnframt segir í 18. grein barnasáttmála sameinuðu þjóðanna að þau aðildarríki sem koma að barnasáttmálanum „eigi að tryggja að sú meginregla sé virt að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska. Foreldrar, eða lögráðamenn, ef við á, bera aðalábyrgð á uppeldi barns og því að barni sé komið til þroska. Það sem barninu er fyrir bestu skal vera þeim efst í huga“ (Þórhildur Líndal, 2007:36). Einnig leggur barnasáttmálinn áherslu á að ábyrgðin á velferð barnanna okkar sé á herðum foreldranna beggja.

Ofbeldi gagnvart börnum og vanræksla barna er mun algengari en maður gerir sér yfirleitt grein fyrir. „Vanrækslan getur komið fram í að foreldrar vanræki að sinna líkamlegri umhirðu barna sinna, eða beiti þau líkamlegu ofbeldi eða að þau vanræki börnin andlega“ (Kristján Már Magnússon, 2003). Leiðbeinendur hafa ekki það nám og þá þekkingu að baki sem leikskólakennarar búa yfir. Er því enn meiri ástæða fyrir því að þeir átti sig á þeim mismunandi aðbúnaði og því umhverfi sem börn alast upp í og geti þá brugðist á réttan hátt við, gruni þá að barn sé beitt ofbeldi eða vanrækt.

Upp úr ritgerðinni var gerður aðgerðarbæklingur sem mun e.t.v. geta hjálpað starfsfólki leikskóla ef upp koma vísbendingar um grun, um að verið sé að brjóta á barni heima fyrir. Bæklingurinn mun henta sem leiðbeiningar fyrir starfsfólk á leikskóla og fjalla um nokkrar af þeim vísbendingum sem börn gætu sýnt ef verið sé að brjóta á þeim heima fyrir. Starfsmenn á leikskóla ættu því að spyrja sig, „hvað geri ég ef mig grunar að barn sé vanrækt eða beitt ofbeldi?“ Bæklingur af þessu tagi er ábótavant á leikskólum í dag þar sem ekki er alltaf farið í gegnum verklagsreglur leikskóla með nýjum starfsmönnum. En rétt var við leikskólastjóra allra fjögurra leikskóla Akraneskaupstaðar um þær verklagsreglur sem leikskólarnir starfa eftir, í sambandi við tilkynningaskylduna og hvernig sé stuðlað að notkun þeirra.

Hér á eftir verður fjallað almennt um ofbeldi gagnvart börnum, vanrækslu, andlegt-, líkamlegt-, og kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum á leikskólaaldri. Farið verður yfir hlutverk barnaverndar og tilkynningaskyldu starfsfólks leik- grunn og framhaldsskóla sem nauðsynlegt er að þekkja vel. Einnig verður kafli um hver sé raunverulegur réttur

barnsins, hver staða starfsfólks sé gagnvart foreldrunum, hver staða foreldranna sé gagnvart starfsfólkinu og hvað ber að hafa í huga þegar kemur að því að tilkynna til barnaverndar, þ.e. hver sé rétta leiðin. Að endingu er það svo bæklingurinn sjálfur, af hverju er þörf á aðgerðarbæklingi, uppbygging hans, hvornig best sé að nota hann í starfi á leikskólum og hverjum nýtist bæklingurinn helst. Að lokum verða nokkrir punktar frá fjórum leikskólastjórum á Akranesi og þeirra sýn á þessum aðgerðarbæklingi fyrir starfsfólk leikskóla.

1. Ofbeldi gagnvart börnum

Ofbeldi gagnvart börnum á sér stað á sumum heimilum en margir átta sig ekki alveg á því hvað skilgreinist sem ofbeldi. „Það telst ofbeldi gegn börnum þegar ill meðferð eða vanræksla heftir þroska og stofnar andlegri og líkamlegri heilsu í hættu“ (Aldís Guðmundsdóttir, 1997:276). Ofbeldi gagnvart börnum getur verið andlegt, líkamlegt og kynferðislegt. Jafnframt flokkast það sem ofbeldi þegar barn er vanrækt en þá er átt við þegar það er „skortur á viðeigandi umönnun barns sem getur valdið því skaða“ (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006:9).

Á hverju ári berast um 6000 tilkynningar til barnaverndarnefndar og af þeim þarf að hafa afskipti af rúmlega 2000 málum. Samkvæmt barnaverndarstofu bárust 82 tilkynningar til barnaverndarnefndar á Akranesi fyrstu 6 mánuði ársins árið 2008 og fjöldi mála sem tilkynnt var um voru 79 talsins. Af þessum 79 var ákveðið að kanna betur 56 tilkynningar. Aðeins var tilkynnt um eitt tilvik í gegnum neyðarlínuna 112 en það er neyðarnúmer landsins. Í neyðarnúmerið 112 er hægt að hringja og tilkynna ef grunur er um að barn sé beitt ofbeldi eða vanrækt. En það er hlutverk neyðarvarða 112 að taka við tilkynningum um barnaverndarmál og koma þeim síðan til barnaverndarnefnda samkvæmt því verklagi sem hver nefnd hefur látið neyðarlínunni 112 í té. Númerið er opið alla daga, allan ársins hring. Á landinu öllu voru tilkynningarnar 3918 talsins á þessu hálfu ári, árið 2008 (Barnaverndarstofa, 2008b:6-7).

Hafa ber í huga að engin stétt er undanskilin, börn eru vanrækt og/eða beitt ofbeldi á öllum stöðum og á öllum stigum samfélagsins. Ofbeldi gagnvart börnum og vanræksla barna á sér stað í öllum samfélögum og í öllum menningarheimum (Barker og Hodes,

2004:21). Foreldrar sem vanrækja börn sín eða beita þau ofbeldi geta alveg eins komið úr góðu umhverfi, eru jafnvel vel menntaðir og efnahagslega vel stæðir. Oft á tíðum er erfitt að tengja vanræksluna eða ofbeldið við eitthvert eitt atriði og ljóst er að ekki er unnt að nefna öll þau tilvik eða aðstæður þar sem barnaverndaryfirvöld eiga að koma að máli barns. Þess vegna þarf ávallt að meta hvert tilvik fyrir sig sem tilkynnt er til barnaverndarnefndar (Barnaverndarstofa, 2006:2).

Mikilvægt er að börn átti sig á því hvernig á að koma fram við þau og síðar hvernig er ætlast til að þau komi fram við aðra. Komdu fram við aðra eins og þú vilt að þeir komi fram við þig, hefur ítrekað verið sagt við börn í gegnum árin. Ólíklegt er að barn sem sífellt verður fyrir ofbeldi af hálfu foreldra eða ættingja sýni sjálfst góðvild í garð annarra, börn læra það sem fyrir þeim er haft. Meiri líkur eru á því að barnið sýni nákvæmlega þá hegðun sem það verður fyrir heima fyrir eða vitni að. Í grein Catherine E. Hamilton og Kevin D. Browne kemur fram að börn sem eru beitt ofbeldi utan fjölskyldunnar eru líklegri til þess að verða einnig fyrir ofbeldi innan hennar, þ.e. af hendi fjölskyldumeðlims (Hamilton og Browne, 1999:283).

Börn eiga rétt á að komið sé vel fram við þau og að þau finni fyrir ástúð og umhyggju. Þau eiga einnig rétt á að ná sem besta árangri félagslega, samfélagslega og líkamlega séð. Eftirfarandi punktar eru úr Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna sem ætti að vera auðvelt að fara eftir á okkar tímum:

- ✚ Hagsmunir barna eiga að vera í fyrirrúmi.
- ✚ Börn eiga rétt á að njóta besta mögulega heilsufars sem býðst.
- ✚ Börn eiga rétt á viðunandi lífsafkomu sem nægir því til þess að þau nái þeim líkamlega, andlega/sálræna, siðferðislega og félagslega þroska sem völ er á.
- ✚ Börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu o.s.frv.

(Þórhildur Línadal, 2007:13, 38, 45, 49).

Í bókinni; *Þetta er líkami minn*, eftir Lory Freeman sem Sveinbjörg Pálsdóttir þýddi segir hún í innganginum að það sé mikilvægt „þegar rætt er við börn um ofbeldi annars vegar og yfirráð þeirra yfir eigin líkama og tilfinningum hins vegar, að þau fái ekki röng

skilaboð, þ.e. að þau hafi átt að geta hindrað það ofbeldi sem þau hafi orðið fyrir. Börn mega aldrei fá á tilfinninguna að þau séu gerð ábyrg fyrir því ofbeldi sem þau eru beitt“ (Freeman, 2007:3). Þessi bók var gefin út af samtökum Barnaheilla, sem eru samtök á Íslandi, sem eru hluti af alþjóðasamtökunum International Save the Children Alliance. Alþjóðasamtökin vinna að réttindum og velferð barna í 120 löndum og hafa Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi. Bókin hentar vel til að lesa og skoða með ungum börnum svo þau skilji betur þau hugtök sem gæti verið að henda þau eins og óviðeigandi snertingar. Ekki skilja öll börn hugtökin um líkama sinn en þau sjá þau sjónrænt í bókinni, einnig hvað má og hvað ekki.

Í framhaldinu verður fjallað um vanrækslu og þrjá helstu þætti ofbeldis sem eru andlegt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi og að lokum kynferðislegt ofbeldi. Fjalla ég um hvern og einn þátt ásamt einkennum og afleiðingum, síðan fjalla ég um alla þættina í einu út frá því hvað starfsmaður á að hafa í huga.

1.1 Vanræksla

Samkvæmt skilgreiningar og flokkunarkerfi í barnavernd, Dr. Freydísar J. Freysteinsdóttur, skiptist vanræksla í 4 flokka: Líkamlega vanrækslu, vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit með barninu, vanrækslu varðandi nám barns og tilfinningalega eða sálræna vanrækslu (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005:1). Þegar talað er um vanrækslu er átt við að ekki er hugsað um barn á viðeigandi hátt þannig að það verði jafnvel fyrir skaða. Vanræksla er þegar þörfum barns er ekki sinnt nægjanlega þannig að barnið er í hættu eða þá að þroski þess skaðast. „Taka skal fram að ekki er verið að tala um eitt og eitt skipti þegar foreldrum eða forráðamönnum verður á í uppeldi og umönnun barns, heldur síendurtekin atvik“ (Barnaheill, e.d.a). Það mundi ekki teljast vera vanræksla þegar barni og þörfum þess er ekki sinnt í eitt og eitt skipti, en þegar umönnun barns er síendurtekið ekki sinnt er hægt að flokka það sem vanrækslu (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006:43). En af hverju eru börn vanrækt? Hver er tilgangurinn með því að eignast börn ef maður hugsar ekki um þau eins vel og maður getur? Engar einfaldar skýringar eru til um hvers vegna börn eru beitt ofbeldi eða sæta vanrækslu af hálfu foreldra sinna eða forsjáraðila. Um flókið samspil félags- og umhverfisþátta er að ræða í flestum tilfellum. Fáir foreldrar þá aðstoð

sem þeir þarfnast til þess að mæta þörfum barna sinna er hægt að koma í veg fyrir vanrækslu. Margir foreldrar sem vanrækja börnin sín skortir getu, úrræði og hvatningu til þess að vera góðir foreldrar (Barker og Hodes, 2004:52).

1.1.2 Einkenni vanrækslu

Vanræksla skiptist á fjóra vegu (Barker og Hodes, 2004:52; Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005:1). Hún getur verið líkamleg, eftirlitsleysi er ábótavant, sálræn eða tilfinningaleg og einnig þegar hegðun foreldra er börnunum skaðleg. Vanræksla er þrálátur misbrestur á því að mæta líkamlegum og andlegum þörfum barnsins og er jafnframt skilgreind sem endurtekinn skortur á viðeigandi umönnun barns.

Líkamleg vanræksla er t.d. þegar barn fær ekki nægilegt fæði miðað við þroska, hreinlæti barnsins er ábótavant, það býr í óhentugu húsnæði, ekki er farið með barnið til læknis eða þá að barnið fær ekki nægan svefn (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006:43-44).

Vanræksla í sambandi við umsjón og eftirlit er t.d. þegar barn er ekki sett í bílbelti eða barnabílstól, barnið er skilið eftir á skiptiborði eða aleitt heima. Eins er það vanræksla varðandi umsjón og eftirlit, þegar barnið er skilið eftir hjá aðila sem er alls ekki hæfur til þess að passa upp á það eða ef foreldrar eru í neyslu eða undir áhrifum áfengis (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006:44).

Sálræn eða andleg vanræksla er til dæmis þegar barn fær ekki þá geðheilbrigðisþjónustu þegar þörf er á, ekki þá lyfjagjöf sem það þarfnast né að farið sé með barn til tannlæknis. Tilfinningaleg vanræksla er þegar tilfinningum barns er ekki sinnt, það er ekki huggað þegar það grætur og skortur er á tilfinningatengslum við foreldra. Einnig þegar foreldri sýnir barni ekki væntumþykju og ástúð. Þessi börn eru oft á eftir í þroska andlega séð. Barker og Hodes halda því fram að heilsa barns sem er vanrækt geti skaðast og möguleikar þess á að þroskast eðlilega skerðist verulega. Einnig þegar barn er vanrækt á þann hátt að ekki er brugðist við andlegum grunnþörfum barnsins (Barker og Hodes, 2004:51).

Að lokum er það þegar hegðun foreldra er skaðleg börnum t.d. þegar börnin eru beitt ofbeldi af foreldrum sínum, hávær rífrildi þeirra á milli hræða barnið og geta gert það óöruggt sem og áfengisdrykkja eða fíkniefnaneysla foreldra sem gerir þau algjörlega ófær um að vernda barnið sitt (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006:46). Einnig er það slæmt fyrir barn að því er ekki sett eðlileg mörk og ekki beitt aga. Þetta getur leitt til þess að barnið muni eiga við agavandamál að stríða í framtíðinni (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005:5).

Vanræksla gagnvart börnum getur verið mjög erfitt viðureignar. Það er e.t.v. ekki mjög erfitt að átta sig á því hvað sé viðvarandi vanræksla eða einstakt tilfelli, t.d. ef barn kemur alla vikuna í sömu nærbuxunum og lyktar illa. Reynt er að ræða við foreldrana um að baða barnið sitt en ekkert gengur, þá er hægt að tala um langvarandi vanrækslu þar sem hreinlæti væri verulega ábótavant. En ef að barn kemur endrum og eins í sömu nærfötunum og fötunum frá því deginum áður, þá er ekki hægt að segja að það barn sé vanrækt.

1.1.3 Afleiðingar vanrækslu

Afleiðingar vanrækslu eru t.d. þær að barnið verður kvíðafullt, þunglyndi gerir vart við sig og hegðun barnsins versnar til muna, jafnvel án sýnilegra ástæðu. Bandarískar rannsóknir sýna að í um 30% tilfella endurtaka foreldrar ofbeldi eða vanrækslu á eigin börnum, sem birtist þá ekki endilega í sömu mynd og eigin reynsla. En um 5% foreldra sem hafa hlotið uppeldi án ofbeldis eða vanrækslu, vanrækja eigin börn eða beita þau ofbeldi (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2001). Áríðandi er að foreldrar og aðrir aðstandendur barna átti sig á mikilvægi þess að hugað sé að alhliða þroska og líðan barna þeirra, sé horft til framtíðar barnsins. Barn á leikskólaaldri frá 2-5 ára sem er vanrækt, getur átt erfitt með að þrífast eðlilega, er skítugt og lítur illa út. Það getur jafnvel verið eftir á í tali og með slakan orðaforða. Félagslegi og andlegi þroskinn er ekki kominn á sama stig og aðrir jafnaldrar hafa náð. Barnið er e.t.v. ofvirkt, árásargjarnt og oft hvatvíst. Barnið er einnig óvandlát, vinalaust og sækir mikið í líkamlega snertingu eins og faðmlög og athygli frá ókunnugum (Barker og Hodes, 2004:53).

1.2 Andlegt/tilfinningalegt ofbeldi

Þessa tegund af ofbeldi er erfiðast að koma auga á þar sem að sýnilegir áverkar eru ekki til staðar á barninu. „Andlegt ofbeldi á sér stað þegar barn er móðgað, kallað ónöfnum eða komið er fram við það á ómanneskjulegan eða niðrandi hátt og á sér oftast stað inni á heimilum barnsins. Andlegt ofbeldi hefur slæm áhrif á sjálfsmynd barna og unglinga“ (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006:39). Gert er lítið úr barninu og það brotið niður, það getur verið jafnt viljandi sem óviljandi. Nóg er að hunsa barnið, það þarf ekki endilega að segja neitt við það. Einnig telst það andlegt ofbeldi þegar barn er hunsað þegar það þarfnast umönnunar eða huggunar, t.d. þegar barn grætur. „Greinilegur skortur er á eðlilegri tengslamyndun forsjáraðila og barns“ (Freydís Freysteinsdóttir, 2003:185). Einnig telst það tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi þegar foreldri sendir barni t.d. SMS skilaboð þar sem það er áreitt andlega eða kynferðislega (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005:6). Ekki þarf að sanna að andlegt ofbeldi eigi sér stað til þess að tilkynna það til barnaverndar, heldur er nóg að gruna. Í bókinni *Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi* kemur fram að „ástæður þess hve fáar tilkynningar vegna gruns um andlegt ofbeldi gegn börnum berast barnaverndarnefnd má að öllum líkindum rekja til þess hversu erfitt sé að færa sönnur á hvort slíkt ofbeldi hafi átt sér stað. Því er ekki ólíklegt að mörg börn líði vegna andlegs ofbeldis á heimilum og fari þannig á mis við aðstoð skv. barnaverndarlögum“ (Jónína Einarsdóttir, Sesselja Th. Ólafsdóttir og Geir Gunnlaugsson, 2004:35). E.t.v finnst fólki það þurfa sannanir þó svo að sú sé ekki raunin.

Hægt er að skipta andlegu ofbeldi í fjóra flokka. Foreldri sýnir barni viðvarandi neikvæð viðhorf og tilfinningar. Foreldri gerir óraunhæfar kröfur til barns miðað við þroska og aldur þess. Foreldri sér ekki barn sem sjálfstæðan einstakling eða fær barn til að sinna sínum sálrænu/tilfinningalegu eða líkamlegu þörfum. Einnig þegar barn verður vitni að ofbeldi á heimilinu (Barnaheill, e.d.b). Allir þurfa að skamma börnin sín einhvern tímann og setja þeim reglur. Mikilvægt er að farið sé varlega í að siða börn þannig að þau hljóti ekki skaða af og læri frekar af mistökunum.

1.2.1 Einkenni andlegs ofbeldi

Andlegt ofbeldi getur eyðilaggt sjálfsmynd barna þar sem þau fá ekki að heyra neitt annað en hvað þau eru ómöguleg og einskis nýt eða þá hunsuð af foreldrum sínum. Sjálfsvirðing og sjálfstraust barna verður að engu og mjög erfitt getur verið að byggja upp sjálfsvirðingu hjá börnum sem lengi hafa verið brotið niður. „Þau efast mjög oft um eigin hæfni og getu, þau hafa gjarnan takmarkaðar skoðanir og virðast „viljalaus“ auk þess sem þau eru oft hlédræg og láta lítið fyrir sér fara“ (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006:41). Barnið veit ekki hvar það hefur foreldrana þar sem þeir skipta ört skapi og erfitt getur verið fyrir barnið að vita hvort það hafi verið að gera rangt eða ekki, sérstaklega ef það fær ekki nógu oft hrós fyrir það góða sem það var að gera. Andlegt ofbeldi er oftast að finna á heimili barnsins, en það getur einnig átt sér stað annars staðar t.d. á vinnustað eða í skóla og flokkast þá sem einelti (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006:39-40). Einnig er gott að hafa í huga að andlegt ofbeldi getur líka verið þegar ekki er útskýrt fyrir barninu þær hversdagslegu þælingar sem þau spyrja gjarna um, eins og: „af hverju er himininn blár?“ Eða „af hverju þurfti afi að deyja?“. Sömuleiðis getur andlegt ofbeldi líka komið fram sem stanslaus þekkingarítröðsla, eða þegar verið er að tyggja nýjan fróðleik sífellt ofan í barnið og spyrja það út í hitt eða þetta og ætlast til þess að fá rétt svar (Ásta Krístrún Ólafsdóttir, 2003:40).

1.2.2 Afleiðingar andlegs ofbeldis

Afleiðingar andlegs ofbeldis geta verið margar, t.d. getur barn orðið öryggislaust, það á erfitt með að treysta fólki, jafnvel sínum nánustu og á erfitt með að tengjast fólki almennt. Barnið getur t.d. sýnt eftirfarandi hegðun: mikinn kvíða, léleg eða lítil geðtengsl við foreldra. Annars vegar getur barn sýnt ögrandi hegðun, verið árásgjarnt og sýnt andfélagslega hegðun. En hins vegar getur barn einnig verið örvæntingarfullt, þunglynt og mikið til baka. Eins eiga sum börn það til að vilja þóknast hinum fullorðna á e.t.v. öfgakenndan hátt (Barker og Hodes, 2004:57). Þetta er skaði sem allir ættu að vilja forða barninu sínu frá. Börn eiga rétt á að komið sé vel fram við þau, að þau fái sanngjarnt uppeldi og fái að upplifa bernsku sína sem tímabil fyllt af gleði, ánægju og ástúð. Fórnarlömb andlegs ofbeldis eiga oft sjálf lélegt samband við sín eigin börn

(Barker og Hodes, 2004:55). Ef barni er sagt statt og stöðugt að það muni enda sem sami auminginn og hinn eða þessi „brýtur það niður einstaklinginn og getur haft varanleg áhrif á líf hans og framtíð“ (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006:42).

1.3 Líkamlegt ofbeldi

Líkamlegt ofbeldi er þegar líkamlegu afli er beitt gegn annarri manneskju, ef barn er beitt ofbeldi flokkast það sem afbrot og varðar við lög, um er að ræða sekt og/eða jafnvel fangelsisvist. „Hægt er að skilgreina líkamlegt ofbeldi út frá athöfn eða athöfn og afleiðingum. Með athöfn er t.d. átt við það þegar barn er slegið með flötum lófa, kýlt eða það er sparkað í það“ (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006:33). Einnig flokkast það sem ofbeldi þegar barn er hrist harkalega, hent til og frá, hlutum er hent í það, það er þvingað til athafna eða beitt ofbeldi þannig að það sést mar á húð. Brunasár geta einnig verið vel sýnileg, þá eftir annað hvort logandi sígarettu eða eftir að hönd þess eða fótur hafi verið dýft í sjóðandi vatn eða aðrir sýnilegir áverkar á barninu eins og eftir bindingu (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005:7).

Þegar barn er beitt líkamlegu ofbeldi heima fyrir er það oftast af völdum foreldra, umráðamanna eða systkina. Ofbeldinu er þá beint að barni og hefur leitt til að barnið skaðist eða getur verið líklegt til þess að skaðast. Vísbendingar um að barn sé beitt ofbeldi eru oftast þær að á líkama barns sjást marblettir, brunasár eða jafnvel beinbrot sem ekki er hægt að útskýra eða ef útskýringin er ólíkleg og ekki trúanleg. Í Bandaríkjunum eru eftirfarandi tölur nýlegar staðreyndir í raunveruleikanum „Flest barnanna sem beitt eru ofbeldi verða fyrir því frá hendi beggja foreldra eða í um 80% tilvika, í flestum tilfellum eða um 40% eru mæðurnar þá einar að verki. Í 17% tilvika er móðirin að beita barnið sitt ofbeldi ásamt föðurnum og í 6% tilfella er hún með öðrum að verki. Feður beita börn sín ofbeldi í 18% tilvika“ (Taylor, Catherine A, Guterman, Neil B, Lee, Shawna J og Rathouz, Paul J., 2009:175). Freydís Jóna Freysteinsdóttir framkvæmdi rannsókn á misbresti í uppeldi barna. „Misbrestur á uppeldi barna felur í sér alvarlega truflun í foreldrahlutverki, og jafnframt verulega truflun í tengslum foreldris og barns, sem getur leitt til alvarlegra aðlögunarerfiðleika hjá barni eða afbrigðilegs þroska... misbrestur á uppeldi barna felur í sér samkvæmt skilgreiningu,

vítaverða, ófullnægjandi eða niðurbjótandi uppeldishætti“ (Rogosch, Cicchetti, Shields og Toth 1995:127). Fjölskyldurnar sem tóku þátt í rannsókninni bjuggu ýmist í Hafnafirði eða í Reykjavík. Rannsóknin hófst 1. Janúar 1998, en þá barst fyrsta tilkynningin, og stóð til 31. desember árið 2000 (til 31.ágúst í Reykjavík v/skipulagsbreytinga). Af þeim 153 málum sem tilkynnt voru um, voru 77 mál sem uppfylltu skilyrðin fyrir þessari rannsókn. „Í 64% tilfella var móðir ábyrg fyrir misbrestinum (vanrækslunni eða ofbeldinu) sem hafði átt sér stað, í 23% tilfella var faðir ábyrgur, í 11% tilfella var fyrrum maki móður ábyrgur og í 2% tilfella var annar aðili en foreldrar ábyrgur“ (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2004:320).

1.3.1 Einkenni líkamlegs ofbeldis

Líkamlegt ofbeldi er þegar misþyrming á sér stað sem skilur eftir sig áverka á manneskjunni sem misþyrmd er. Það er líkamlegt ofbeldi að slá barn, kýla, rasskella, eða þá að sparkað er í það. „Sjáanlegir áverkar hverfa oft fljótt og þeir sem fremja líkamlegt ofbeldi gegn börnum gæta þess einnig að áverkarnir sjáist ekki eða að þeir séu þess eðlis að þeir gætu stafað af eðlilegum meiðslum eða slysi“ (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006:33). Önnur dæmi um sýnilega áverka á barni sem beitt hefur verið ofbeldi er t.d. hrufll og skrámur, sár, upphleypt svæði á húð t.d. eftir belti eða annað áhald (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005:7). Barn sem beitt er líkamlegu ofbeldi getur átt það til að bera ósjálfrátt hendur fyrir sig sér til varnar ef það skyldi vera slegið. Barn getur verið trekkt, tilfinningasljótt og „átt við sálræn og félagsleg vandamál að stríða“ (Aldís Guðmundsdóttir, 1997:278).

1.3.2 Afleiðingar líkamlegs ofbeldis

Í rannsókn Freydísar Jónu Freysteinsdóttur hér að ofan sem gerð var í Reykjavík og í Hafnafirði upplifðu mörg barnanna í hópnum ýmis konar erfiðleika sem eru líklega afleiðingar af þeim misbresti í uppeldi sem átti sér stað. Algengustu erfiðleikarnir voru „erfiðleikar barns í skóla, en um helmingur barnanna í endurtekningarárópunum áttu við slíkan vanda að etja samanborið við þriðjung barna í hópi eins tilfellis“ (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2004:320-1).

Flestar rannsóknir á afleiðingum líkamlegs ofbeldis gagnvart börnum fjalla um skammtímaafleiðingarnar. En þær eru t.d. minni líkur á að barn sé glatt eða gleðjist auðveldlega, ýmis hegðunarvandamál, barnið byrjar að pissa undir, sýnir ofsa-og reiðköst, hegðar sér illa, hefur lélegt sjálfstraust, er hlédrægt, sýnir ofsafenginn mótþróa og á erfitt með að treysta fólki (Miller-Perrin, C. L., Perrin, R. D, 2007:95). Langtímaafleiðingar af líkamlegu ofbeldi má e.t.v. rekja til þess að „þeir sem sjálfir hafa verið beittir ofbeldi í æsku beiti börn sín ofbeldi (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006:34).

En samkvæmt Ólöfu Ástu Farestveit og Þorbjörgu Sveinsdóttur geta börn sem beitt hafa verið ofbeldi átt erfitt með líkamlega snertingu og eru alltaf á varðbergi gagnvart fullorðnu fólki og geta átt það til að fara inn í sig þegar verið er að skamma þau. Nokkuð algengt er að börnin setji hendurnar ósjálfrátt fyrir sig eins og þau séu að vernda höfuðið t.d. fyrir höggi. Líkamleg einkenni geta verið magaverkir, barnið kvartar um verk í höfði ásamt öðrum einkennum sem og því að barn getur byrjað á því að pissa á sig að nýju (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006:37).

1.4 Kynferðislegt ofbeldi

Kynferðislegt ofbeldi er hugtak sem notað er um „kynferðislega misnotkun, kynferðislega áreitni, kynferðislegt ofbeldi og sífjaspell“ (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006:10). Samkvæmt bæklingi sem Blátt áfram samtökin hafa gefið út stendur einnig að kynferðisleg misnotkun á börnum sé að „neyða, þvinga, hvetja eða sannfæra barn um að taka þátt í hverskyns kynferðislegri athöfn“ (Úr dimmu í ljósið, e.d.).

Kynferðislegt ofbeldi felur í sér að þröngva eða tæla barn til þess að taka þátt í kynferðislegri athöfn, hvort sem að barnið viti hvað sé í gangi eða ekki. Í athöfninni getur falist líkamleg snerting, þ.m.t. tilraunir til innþrengingar eða ekki. Einnig getur ofbeldið falið í sér að ekki á nein bein snerting sér stað, heldur er barnið látið horfa á klámfengið efni eins og klámmyndir eða það hvatt til þess að haga sér kynferðislega (Munro, 2008:49). Mikilvægt er að átta sig á því eins og fram kemur í grein Höllu Gunnarsdóttur í tímaritinu *Uppeldi* að ekkert barn er óhult og hvaða barn sem er gæti

orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi hvort sem um er að ræða manns eigið barn, systkini manns, frændsystkini, vinir barnanna minna og börn sem ég gæti átt eftir að vinna með og hef jafnvel nú þegar unnið með. Stærstu mistökin eru að útiloka einhvern einn ákveðinn hóp af fólki, því sannleikurinn er sá að enginn er óhultur (Halla Gunnarsdóttir, 2003:35). Sérfræðingar áætla að ein af hverjum fjórum stúlkum og einn af hverjum sex drengjum séu misnotuð kynferðislega áður en þau halda upp á 18 ára afmælið sitt. 34% fórnarlambanna eru misnotuð af fjölskyldumeðlimum. 59% til viðbótar eru misnotuð af fólki sem fjölskyldan treystir- gerendur reyna oft að vingast við foreldra; mynda tengsl og ávinna sér traust þeirra (Úr dimmu í ljósið, e.d.).

Nýjustu tölur samkvæmt fréttamiðlinum mbl.is sýna að seinasta ár, 2008, var annasamasta ár frá opnun barnahúss, 1998. Alls komu 323 börn í viðtal og/eða skoðun og eru þau flest á aldrinum 3ja til 12 ára. Líkurnar á því að barn sem fæðist og eigi eftir að koma í barnahús eru 7-7,5% miðað við tölur frá árinu 2008, sem eru allt of háar líkur miðað við höfðatölu á Íslandi (Ágúst Ingi Jónsson, 2009).

1.4.1 Einkenni kynferðislegs ofbeldis

Kynferðislegt ofbeldi er þegar kynferðislegum athöfnum, orðum, eða myndum er þröngvað upp á einstakling þegar hann vill það ekki og hlýtur í kjölfarið skaða af hvort sem um er að ræða andlegan eða líkamlegan skaða. Börn eru tilvalin fórnarlömb kynferðisbrotamanna þar sem þau eru svo saklaus og trúgjörn að auðvelt getur verið að fá þau til þess að gera hluti sem þau myndu annars ekki gera. „Börn eru ekki fær um að skilja athöfnina vegna þroska eða aldurs og geta af þeim sökum ekki sagt til um hvort þau vilji taka þátt í henni eða ekki“ (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006:10).

Kynferðislegt ofbeldi er skilgreint allt frá því að vera sífjaspell, kynferðisofbeldi ókunnugra sem og kunnugra gagnvart barni, nauðganir, vændi og klám. Einnig er líkamlegt og eða andlegt ofbeldi gegn konum í fjölskyldum líka skilgreint sem kynferðislegt ofbeldi. Kynferðisleg áreitni eða ofbeldi getur tekið á sig ýmsar myndir og getur verið til þess fallið að ekki eru um beina snertingu að ræða eins og „kynferðislegt tal, sýnihneigð og gægjuhneigð, að sýna barni klámefni í blöðum, tölvu eða á

myndbandi eða að taka slíkar myndir af börnum“ (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006:11). Klúrir brandarar og klámspólur flokkast undir kynferðislega áreitni, þar sem slíkt er óviðeigandi þegar börn eru annars vegar. Óviðeigandi snerting á kynfærum eða á svæði nálægt kynfærum eru dæmi um kynferðislegt áreiti. Munnmök og samfarir er einnig mjög gróft kynferðislegt ofbeldi.

Konur og börn, þá bæði stúlkur og drengir, verða oftast fyrir kynferðisofbeldi en menn og eru ofbeldismennirnir nánast alltaf karlar (Guðrún Jónsdóttir, 2001:4). Kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum er oftast framkvæmt af fullorðnum einstaklingum. En samkvæmt bandarískum rannsóknum er stór hluti barna einnig misnotaður af eldri eða stærri börnum, þ.e. undir löfgaldri. Hafa skal einnig í huga að gerandinn er í langflestu tilfellum einhver sem barnið treystir, eins og faðir, afi, frændi, góðvinur fjölskyldunnar og getur jafnvel verið móðir barns. Þessi aðili hefur líka oft valið sér fjölskyldu sem er viðkvæm fyrir og líklegt að hægt sé að halda þessum verknaði leyndum fyrir umheiminum (Barker og Hodes, 2004:44). Fólki sem misnotar börn eru í flestum tilvikum einhver sem aðstandendur barnsins hefði aldrei grunað, þar sem að gerandinn reyndist vera mjög traustvekjandi og góður (Úr dimmu í ljósið, e.d).

Nokkur einkenni sem gætu valdið því að grunur vaknar um kynferðislegt ofbeldi er t.d. ef að barnið kvartar þegar það þarf að hafa þvaglát. Barn fær óvenjulegan áhuga og vitund um kynferðisleg athæfi eða sýnir óviðeigandi framkomu eða atlot miðað við aldur og fer að vilja vera í kynferðislegum leikjum með öðrum börnum sem er óviðeigandi miðað við aldur barnsins (Kay, J., 2003:126). Kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum á leikskólaaldri hefur líkamlegar afleiðingar fyrir barnið, en áhrifin á getu barnsins til þess að mynda traust sambönd eru alvarlegri og langvarandi (Ayers, 2007:80).

Þegar um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum er að ræða er átt við að börn eru fengin til þess að taka þátt í kynferðislegum athöfnum. Þessar athafnir brjóta í bága við almennar siðferðislegar reglur samfélagsins.

1.4.2 Afleiðingar kynferðislegs ofbeldis

Afleiðingar kynferðislegs ofbeldis geta verið bæði sálrænar og líkamlegar. Helst má nefna svefntruflanir, lystarleysi, kvíða, reiði, sektarkennd og sljóleika. Börnin verða oft áhugalaus um það sem er að gerast í kringum þau, vilja ekki vera með í leik og starfi og eru hræðslugjörn. Stúlkur sem orðið hafa fyrir sífjaspellum lýsa tilfinningum sínum á eftirfarandi hátt: „hjálpurvana, valdalausar, hræddar og að þær gætu engum treyst. Eftir að sífjaspellin hefjast verða ráðandi tilfinningar sjálfsfyrirlitning, sekt, skömm, sjálfsásökun og að þær séu öðruvísi en aðrir“ (Guðrún Jónsdóttir, 2001:14-15).

Sum börn sýna alls engin einkenni og virka glöð og ánægð með lífið. Undir niðri getur ólgað skelfileg vansæld og slæm líðan sem barnið hefur lært að hemja og leynd fyrir öðrum. Önnur, hinsvegar, sýna undarlega hegðun, eins og að byrja aftur að pissa á sig, skíta sig út, skaða sjálfa sig, strjúka að heiman og sýna andleg vandamál eins og kvíða, þunglyndi og verða til baka (Barker og Hodes, 2004:45). Einnig kemur fram í bók Ólafar Ástu Farestveit og Þorbjargar Sveinsdóttur, *Verndum þau*, að börn geti þurft að takast á við skammtíma- og langtímaafleiðingarnar af kynferðislega ofbeldinu sem þau verða fyrir. Nefna þær t.d. að barn sýnir e.t.v. óviðeigandi kynferðislega hegðun, á í erfiðleikum í námi og í samskiptum við annað fólk, verður ósýnilegt og áhugalaus áhorfandi á allt í kringum sig. Langvarandi afleiðingar geta verið að barnið muni e.t.v. alltaf skorta félagshæfni, það mun eiga við kynferðisleg vandamál að stríða í framtíðinni og losnar ekki við sektarkenndina um að kannski hafi þetta allt verið sér að kenna. Blanda af báðum er svo dæmi sé tekið að barnið missir allt sjálfstraust, er alltaf leitt og fullt af reiði (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006:16-17).

Janet Kay bendir á það hvernig hægt sé að greina barn, hvort það hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi. Hegðunarvandamál sem barn getur sýnt er meðal annars reiði og hlédrægni. Önnur tilfinningarleg mál geta verið vísbending um að barnið eigi við einhver vandamál að stríða (Kay, 2003:126). Barn sem beitt er kynferðislegu ofbeldi ber með sér minningarnar af atburðinum e.t.v. ævilangt þó vonandi minnkandi með árunum og það getur haft mjög neikvæð áhrif á það. Einnig er talið að því yngra sem barnið er þeim mun meiri líkur eru á því að barn nái að gleyma atburðinum.

Í 34. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir að „aðildarríki skuldbindi sig til að vernda börn fyrir hvers kyns kynferðislegri notkun eða misnotkun í

kynferðislegum tilgangi. Að þau skuli gera allt til að koma í veg fyrir að barn sé talið á eða þvingað til að taka þátt í hvers konar ólögumætri kynferðislegri háttsemi. Að koma í veg fyrir að börn séu notuð til vændis eða annarra ólögumætra kynferðisathafna, í klámsýningum eða til að búa til klámefni“ (Þórhildur Líndal, 2007:60). Jafnframt stendur einnig í 39. grein Barnasáttmálans að barn sem sætt hefur vanrækslu eða hvers konar ofbeldi eigi rétt á líkamlegri og andlegri umönnun og félagslegri endurhæfingu (Þórhildur Líndal, 2007:66).

2. Barnavernd

Barnaverndarstofa er stjórnsýslustofnun sem daglega fer með stjórn barnaverndarmála. Í reglugerð um Barnaverndarstofu segir að stofan skuli vinna að því að samhæfa og efla barnaverndarstarf og sjá um daglega stjórn barnaverndarmála. Stjórnsýsluhlutverk Barnaverndarstofu felst aðallega í því að hafa eftirlit með störfum barnaverndarnefnda, afgreiða kærur og kvartanir vegna starfa þeirra, ásamt því að fá frá þeim ársskýrslur. Jafnframt veitir stofan barnaverndarnefndum ráðgjöf við að leysa úr málum og stuðla að fræðslu um barna- og fjölskylduvernd. Barnaverndarstofu er ætlað að koma á framfæri upplýsingum og fræðslu til almennings og fagfólks og gefa út skýrslu um starfsemi Barnaverndarstofu og barnaverndarnefnda. Einnig liðsinnir stofan barnaverndarnefndum við öflun hæfra fósturforeldra og veitir ráðgjöf á því sviði (Barnaverndarstofa, 2009a).

Á Íslandi eru starfræktar 31 barnaverndarnefnd og er þeim skylt að taka á móti tilkynningum þegar þær berast hvenær sem er sólarhringsins. Samkvæmt tilkynningaskyldu barnaverndarlaga nr. 80/2002 ber hverjum þeim, sem vinna með börnum, var við að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður skylda til að gera barnaverndaryfirvöldum viðvart. „Markmið barnaverndar er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð“ (Barnaverndarstofa, 2006:1). Tilkynna má til nefndanna í gegnum neyðarlínuna 112. Starfsmenn neyðarlínunnar meta alvarleika hvernar tilkynningar fyrir sig og koma upplýsingunum áfram til viðkomandi nefndar strax ef ástæða þykir til. Í þeim tilvikum sem ekki er um neyðartilvik að ræða og tilkynning berst utan

opnunartíma er upplýsingum komið á framfæri strax og skrifstofa opnar. Flestar barnaverndarnefndirnar hafa ráðið sérhæft starfsfólk til að sinna daglegum störfum nefndarinnar. „Starfsmennirnir eru í flestum tilvikum staðsettir hjá félagsþjónustu sveitarfélagsins. Á heimasíðu Barnaverndarstofu má finna upplýsingar um nefndirnar á hverjum stað svo og heimilisfang þeirra og símanúmer“ (Barnaverndarstofa, 2009b).

Barnaverndarnefndir á Íslandi eru starfræktar á vegum hvers sveitafélags fyrir sig. Þeirra hlutverk er að fylgjast með uppeldisaðstæðum og aðbúnaði barna. Samkvæmt 12. grein barnaverndarlaga skulu barnaverndarnefndir einnig meta hvort barn/börn búi við óviðunandi aðstæður, hvort illa sé farið með þau eða hvort þau séu í alvarlegum erfiðleikum (Barnaverndarlög 80/2002:5). Ákveðið ferli hefst hjá barnaverndarnefndum um leið og tilkynnt er um mál tengt barni. Samkvæmt 12. grein barnaverndarlaga er barnaverndarnefnd heimilt að hefja athugun máls án vitneskju foreldra ef talið er að vitneskja þeirra kunni að skaða athugun máls, en slíkt er einungis gert í algjörum neyðartilvikum því fyrst og fremst leggja nefndirnar mikla áherslu á að vinna náið með fjölskyldum barna sem vinna þarf með (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006:116). Markmið barnaverndarlaganna er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Skal það gert með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar við á (Barnaverndarlög 80/2002:5). Borið hefur á góma að barnavernd hafi stundum verið notuð sem hálfgerð grýla, ef að fólk passaði ekki almennilega upp á börnin sín þá kæmi barnavernd og tæki þau frá foreldrunum. Í Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna kemur fram að það sem er barni fyrir bestu skal ávallt hafa forgang, þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila o.s.frv. gera ráðstafanir sem varða börn. Einnig að aðildarríki Barnasáttmálans skuli tryggja að börn hljóti þá vernd og þá umönnun sem velferð þeirra krefst (Þórhildur Líndal, 2007:36-37).

2.1. Verklagsreglur/tilkynningaskylda

Mikilvægt er að allir starfsmenn leikskóla þekki verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna leikskóla til barnaverndarnefndar. Verklagsreglurnar eru frá 18.des 2006, en þar stendur að gert er ráð fyrir því að starfsmenn leik-, grunn- og framhaldsskóla

meti hvort ástand, líðan eða umönnun barns sé þannig háttað að tilkynna eigi um það til barnaverndar þar sem barnið býr. Verklagsreglurnar eru unnar í samstarfi við fulltrúa menntamálaráðuneytisins, Samband íslenskra sveitafélaga, Barnavernd Reykjavíkur og barnaverndarstofu (Barnaverndarstofa, 2006:1). Þar kemur jafnframt fram að tilkynna skal um allan grun, ekki aðeins staðfestar sannanir. Einnig stendur þar að markmið barnaverndar sé að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu skuli fá nauðsynlega aðstoð (Barnaverndarstofa, 2006:1). Samkvæmt 17. grein barnaverndarlaga stendur að: „Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum og dagmæðrum....skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framur ákvæðum laga eða siðareglum um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta“ (Barnaverndarlög 80/2002:6).

Tilkynna skal um allan grun, ekki aðeins staðfestar sannanir. Það er í hlut barnaverndarnefnda að ákveða hvort ástæða er til að hefja könnun og rannsaka málið til hlítar.

Í viðtali við yfirfélagsráðgjafa barnaverndarsviðs Akraneskaupstaðar, Ingibjörgu Gunnarsdóttur segir hún t.d. að ef þær fá tilkynningu frá nágretta t.d. um að barn sé alltaf illa klætt úti eða þess háttar er einfaldlega rætt við foreldrana um að kvörtun hafi borist til þeirra og hvort að foreldrunum þyki ekki ástæða til að bæta úr því sem kvartað var yfir. Ekki er gerður úlfaldi úr mýflugu, en vissulega er athugað með allan grun ef ástæða þykir til (Ingibjörg Gunnarsdóttir, munnleg heimild, 5. Mars 2009).

Mikilvægt er að allir viti hvernig eigi að bregðast við gruni um að barn sé beitt ofbeldi eða vanrækt. „Hver skóli þarf að hafa ákveðið verklag um hvernig tilkynnt er til barnaverndarnefndar og hver gerir það. Mikilvægt er að þetta verklag sé öllum starfsmönnum skóla og leikskóla ljóst. Gert er ráð fyrir að tilkynnt sé í nafni stofnunarinnar og að tilkynningin sé á ábyrgð hennar en ekki einstaka starfsmanna“ (Barnaverndarstofa, 2006:2). Tilvalið er að nota t.d. starfsmannafundi á haustin til þess

að minna á verklagsreglurnar svo að enginn misskilningur eigi sér stað eða óvissa. Á flestum leikskólum er það í höndum leikskólastjóra að tilkynna mál til barnaverndarnefndar.

Gott er að hafa í huga að það þarf ekki að vera með sannanir á reiðum höndum heldur er nóg að grunur sé fyrir hendi. Barnið skal ávallt njóta vafans sé grunur fyrir hendi. „Ætíð skal beita úrræðum sem ætla má að barni séu fyrir bestu. Þetta þýðir meðal annars að barnið hefur sjálfstæðan rétt og hagsmunir þess skulu skipa öndvegi“ (Anni G. Haugen, 2004:6).

„Þegar tilkynnt er um áhættuhegðun barns er oftast nær um að ræða ástand sem hefur varað í lengri tíma og hefur ekki breyst nægjanlega þrátt fyrir ábendingar og leiðbeiningar starfsmanna til foreldra“ (Barnaverndarstofa, 2006:2). Gefa skal foreldrum tækifæri til þess að vinna úr sínum málum. Ekki á að rjúka til og tilkynna til barnaverndarnefndar um smávægilega hluti eins og þegar það vantar aukaföt í eitt og eitt skipti eða vettlinga. En ef það kemur engin aukataska með barninu í viku eða meira og foreldrið fer ekki eftir ábendingum starfsmanna þá þarf að grípa í taumana. „Að jafnaði skal láta foreldra vita af tilkynningunni og gera þeim grein fyrir að starfsmenn skóla séu að fylgja lagaskyldu um að tilkynna grun um vanrækslu eða ofbeldi til barnaverndarnefndar“ (Barnaverndarstofa, 2006:2). Einnig ætti að segja foreldrunum að ekki sé verið að ásaka einn eða neinn heldur sé aðalmarkmiðið velferð barnsins og að leita eftir lausnum og að styðja við bæði foreldrana og barnið sjálft. En ef að grunur kemur upp um að barn sé beitt ofbeldi hvort sem um er að ræða líkamlegt eða kynferðislegt á að hafa strax samband við barnaverndarnefnd þess bæjarfélags án þess að láta foreldrana vita. „Ástæðan er sú að búi barn með einhverjum sem beitir það ofbeldi getur verið hættu á að barnið verði beitt enn meira ofbeldi eða hótunum ef viðkomandi veit að tilkynnt hefur verið til barnaverndarnefndar“ (Barnaverndarstofa, 2006:3).

3. Hvað geri ég sem starfsmaður?

Mikilvægt er að starfsmenn leikskóla séu vel vakandi og þekki einkenni vanrækslu og ofbeldis því það getur verið erfitt að henda reiður á þessar vísbendingar sem hér hafa

komið fram. Í viðtölum við leikskólastjóra leikskóla Akraneskaupstaðar kom skýrt fram að mikilvægasta reglan hjá þeim er að láta þær (leikskólastjórana) vita um allan grun svo að þær geti gert barnaverndaryfirvöldum viðvart. Í verklagsreglum um tilkynningaskyldu starfsmanna leikskóla til barnaverndarnefndar, sem byggjast á 17. grein barnaverndarlaga, kemur skýrt fram að mér, sem starfsmaður á leikskóla, ber skylda til að tilkynna til barnaverndar, gruni mig að brestur sé á því að barn hljóti viðunandi uppeldisskilyrði (Barnaverndarlög 80/2002:16). Mikilvægt er því að láta vita um leið og grunur vaknar hvort sem um er að ræða vanrækslu eða ofbeldi (Barnaverndarstofa, 2006:1). Fyrst þarf að ganga úr skugga um að ekki sé bara um einstakt tilvik að ræða eða hvort þetta séu þau lífsskilyrði sem barnið býr við dagsdaglega.

Samkvæmt yfirfélagsráðgjafa barnaverndarsviðs Akraneskaupstaðar, ætti t.d. starfsmaður í leikskóla sem grunar að barn á sinni deild sé vanrækt að láta sinn deildarstjóra vita. Hann ætti að tala við foreldrana og ræða við þau á rólegum nótum um að bæta úr þeim atriðum sem er ábótavant. Ef að ekkert gerist að ræða þá aftur við foreldrana og nefna að ef ekkert verði gert þá verði þær með tilliti til verndunar barnsins að fara með málið til barnaverndarnefndar. Starfsmenn leikskóla þurfa oft á tíðum að vera kröfuharðir fyrir hönd barnanna sem þeir hafa í umsjá. Mikilvægt er að vera ekki meðvirkur en það er að gera lítið úr aðstæðum barnsins eða gera ekkert þrátt fyrir grun. Á sumum leikskólum er svo mikið lagt upp úr umönnun að skítug börn hafa verið böðuð og fötin af þeim þvegin og þurrkuð. Starfsfólk leikskóla mega aldrei verða svona meðvirkir foreldrunum, annars bæta þeir ekki úr aðstæðum barnanna. Hvað gerist svo þegar barnið fer í grunnskóla, því þar fer ekki fram sama umönnun og í leikskólum. Það er enginn gerður greiði með því að vera meðvirkur (Ingibjörg Gunnarsdóttir, munnleg heimild, 5. Mars 2009).

Í leikskólum eiga börn rétt á að því að þeim sé búið umhverfi sem er öruggt, hlýtt og að þau geti treyst því umhverfi. Að barninu sé kennt að bera virðingu fyrir sjálfu sér og öðrum, að sjálfstraust barnsins sé eflt og að barnið geti óhindrað tjáð tilfinningar sínar hvort sem um er að ræða, gleði, reiði, ótta eða sorg (Aðalnámskrá leikskóla, 1999:9). Reynsla barna endurspeglast í leik þeirra. Í leik fær barnið útrás fyrir tilfinningar sem það getur e.t.v ekki útskýrt sjálft eða hent reiður á. Leikurinn er leið barnsins til þess að sigrast á þeim erfiðleikum sem hrjá barnið, styrkja það og til að hjálpa því að móta eigið

sjálf (Guðrún Friðgeirsdóttir og Margrét Jónsdóttir, 1995:181). Mikilvægt er að tryggja að börn hafi greiðan aðgang að hlutverkaleik hvort sem um er að ræða einstaklings- eða hópleiki. Börn verða að fá að tjá sig, og í leik fær barnið útrás fyrir líðan sína.

Sem leikskólakennari er mikilvægt að vera til staðar fyrir barn sem hefur orðið fyrir andlegu ofbeldi, vera tilbúinn að hlusta á barnið þegar það opnar sig og spyrja það opinna spurninga. Samkvæmt lögum um leikskóla skal meginmarkmið með uppeldi í leikskóla vera að „veita börnum umönnun, búa þeim hollt uppeldisumhverfi og örugg leikskilyrði, kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo þau fái notið bernsku sinnar“ (Aðalnámskrá leikskóla, 1999:7). Eftir að grunur vaknar skal ræða við leikskólastjóran sem síðan fer áfram með málið til barnaverndar. „Best er að láta barnið njóta vafans og hugsa fyrst og fremst um hag þess“ (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006:42). Barnið skal ávallt hafa forgang, því gagnvart því liggur mesta skyldan og þar á eftir kemur skyldan gagnvart foreldrunum. „Ýmiss konar atburðir og erfiðleikar í lífi barns geta orðið því þungbærir og haft djúp áhrif á hegðun þess og líðan. Leikskólinn skal hjálpa barninu við að vinna bug á ótta sínum og öryggisleysi“ (Aðalnámskrá leikskóla, 1999:16).

Í Verklagsreglum um tilkynningaskyldu leik- grunn og framhaldsskóla til barnaverndar er gert ráð fyrir að tilkynnt sé í nafni leikskólans og að tilkynningin sé á ábyrgð hans en ekki einstakra starfsmanna. Ef starfsmaður ákveður að tilkynna til barnaverndar gerir hann það þá á eigin ábyrgð og nýtur þar af leiðandi ekki nafnleyndar (Barnaverndarstofa, 2006:2). Helst er tilkynnt um vanrækslu, ofbeldi eða þá að barn sé að stofna heilsu sinni og þroska í hættu. Hætt er við, að ef að óreyndur starfsmaður fari að spyrja barnið út í ákveðin atvik málsins, að það hindri þá eðlilega málsmeðferð. En starfsmenn barnaverndar eru með þjálfun og menntun til þess að fara ofan í saumana á slíkum málum.

Starfsmaður á leikskóla sem grunar að barn sé beitt kynferðislegu ofbeldi verður, bæði barnsins vegna sem og sjálfs síns vegna, sem manneskja í barnvænu samfélagi, að láta yfirvöld umsvifalaust vita. Samkvæmt Shaffer er besta leiðin til að berjast gegn kynferðislegu ofbeldi að, bera kennsl á og koma í veg fyrir að slíkt viðgangist. Þegar börn kunna og læra að þekkja hvernig má ekki snerta mann og hvað er óviðeigandi,

verða þau betur í stakk búin til þess að láta kennara/leikskólakennara vita ef þau kannast við slíkar snertingar (Shaffer, 2002:569).

3.1 Hver er réttur barnsins?

Samkvæmt 19. grein Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna á að „vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða notkun, þar á meðal kynferðislegri misnotkun, meðan það er í umsjá annars eða beggja foreldra, lögráða- manns eða lögráðamanna, eða nokkurs annars sem hefur það í umsjá sinni“ (Þórhildur Líndal, 2007:38). Jafnframt eiga börn rétt á því að komið sé fram við þau sem lifandi, sjáandi, hugsandi mannverur sem hafi tilfinningar og þarfir sem hinir fullorðnu þurfa að sinna og koma til móts við.

Munro og Parton hafa fjallað um í grein sinni *How far is England in the process of introducing mandatory reporting system*, um nýtt vinnulagskerfi í Englandi. Þar sem settar eru fram reglur um að ábyrgð samfélagsins gagnvart barninu er gerð meiri en áður. Setja á lögbundið skýrslu kerfi sem á að fara í gang. Bein þýðing á þessu kerfi væri e.t.v: Er ástæða til að hafa áhyggjur! Tilkynna skal til barnaverndar um mál sem barni getur stafað hættu af, ef grunur vaknar um ofbeldi eða vanrækslu í garð barns. Til þess að geta fylgst sem best með öllum börnunum var ákveðið að gerður yrði gagnagrunnur, með svokölluðum sískráningum sem innihéldi nafn barns, heimilisfang, kyn og fæðingardag, ákveðið einkennisnúmer fyrir þetta barn, nafn og númer þess sem hefur forræði yfir barninu, og nafn leikskólans/skólans, heilsugæslu og annarra sérfræðinga sem barnið hefur gengið til eða mun ganga til. Einnig upplýsingar um þann sem tilkynnir sem og nafn og heimilisfang (Munro og Parton, 2007:5-6). Verið er að vinna að þessu verkefni. Líklega er ætlast til þess að hægt verði að fylgjast betur með öllum börnunum og hverju máli fyrir sig. Þetta kerfi hentar vel í fjölmönnum löndum eins og England er. En hér á landi er hverju máli fylgt vel eftir og reynt er að vinna með foreldrum en ekki á móti þeim. Markmiðið er að leita lausna og veita viðeigandi stuðning (Barnaverndarlög 80/2002:2). Árið 2005 hófst hér á landi sískráningarkerfi sem gengið hefur mjög vel. Barnaverndarstofa hafði lengi haft áhuga á að fá yfirlit um fjölda tilkynninga frá barnaverndarnefndunum í landinu og var ákveðið að byrja að nota sískráningu þar sem yfirlit frá nefndunum gat tekið allt að 2 ár að berast til

barnaverndarstofu. Tilgangurinn með sískráningunni var að geta fylgst betur með þeim tilkynningum sem fara í gegnum kerfið, svara fyrirspurnum um fjölda tilkynninga og til að leita úræða til að bæta vitneskju nefndanna, umbætur fyrir börn og umfang starfsins á heildina litið (Barnaverndarstofa, 2008a:18).

Megin grundvöllur fyrir Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna er sá að börn þurfa á sérstakri umönnun og vernd að halda. Þau eru varnarlaus gagnvart samfélaginu og umhverfinu og hvers kyns misnotkun sem gæti átt sér stað. Börn fara ekki eftir því sem þau halda heldur fylgja þau þeim sem þau treysta mest (Þórhildur Líndal, 2007:6).

3.2 Staða foreldra gagnvart starfsfólki

Foreldrum ber engin sérstök skylda til þess að tilkynna til deildarstjóra eða leikskólastjóra um breyttar aðstæður hjá barni, en það er æskilegt að það sé gert. Flestir láta starfsmenn leikskóla vita um nýjar aðstæður hjá börnunum sínum s.s. ef um skilnað er að ræða, dauðsfall, veikindi eða aðrar aðstæður. „Mikilvægt er að foreldrar láti leikskólakennara barns vita ef breytingar verða á högum þess og fjölskyldulífi. Börn eru næm á allar breytingar og geta þær haft áhrif á líðan þeirra og hegðun“ (Aðalnámskrá leikskóla, 1999:31).

Nauðsynlegt er fyrir starfsfólk að vita um breyttar aðstæður barns ef það verður vart við hegðunarbreytingar hjá barninu. Skilnaður, dauðsfall eða aðrar aðstæður sem barn upplifir sig í getur breytt skapi þess og líðan og ber því að hlúa vel að barninu. En svo hægt sé að gera það verður starfsfólkið að fá vitneskju um slíkar aðstæður frá foreldrum barnsins.

3.3 Staða starfsfólks gagnvart foreldrum

Starfsfólki ber skylda til samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla að „veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum og afla upplýsinga um aðstæður og uppeldisviðhorf foreldra“ (Aðalnámskrá leikskóla, 1999:30). Þetta þýðir að ég sem starfsmaður á að láta minn yfirmann vita, hvort sem það er deildarstjóri eða leikskólastjóri, ef ég heyri útundan mér frá atvikum sem gerst hafa á heimili barnsins sem ég tel að geti skaðað það á einhvern hátt. „Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og

velferð barna sinna en leikskólanum ber að veita foreldrum stuðning í uppeldi barna“ (Aðalnámskrá leikskóla, 1999:30).

Í úttekt á samstarfi Leikskóla Reykjavíkur og Barnaverndar Reykjavíkur á árunum 2002-2003 kemur fram að flest mál séu unnin í samvinnu við foreldrana. Því tel ég mikilvægt að í námskrá leikskóla ætti að standa klausa um að starfsfólki beri skylda til að tilkynna til barnaverndar ef það telji barn vera í hættu. Í úttektinni komu jafnframt fram hugmyndir frá bæði leikskólakennurum og barnaverndarstarfsmönnum um að hafa klausu í námskrá leikskóla sem fjallaði um kynningu á barnavernd, tilkynningaskyldu og umfjöllun um þær aðgerðir sem leikskólinn grípur til ef eitthvað er að aðbúnaði barns (Anna María Jónsdóttir, 2006:27). Þar með væri búið að leggja grunninn að tilkynningaskyldu starfsfólks leikskóla gagnvart börnum í þeirra umsjá og ekki hægt að segja að verið sé að koma aftan að foreldrunum, ef ske kynni að það þyrfti að tilkynna um atvik eða aðstæður barns til barnaverndar. Þannig væru einfaldlega verklagsreglurnar á leikskólanum sem þeim beri að fara eftir.

3.4 Hvað ber að hafa í huga

„Mikilvægt er að náíð samstarf og gagnkvæmt traust skapist milli heimilis og leikskóla“ (Aðalnámskrá leikskóla, 1999:30). Hafa þarf ávallt í huga barnið sé í fyrirrúmi. Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla er markmiðið með foreldrasamstarfinu að:

- ✚ „Veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans
- ✚ Veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum
- ✚ Stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans
- ✚ Rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna“

(Aðalnámskrá leikskóla, 1999:30).

Starfsfólki ber að muna að þagnarskyldan gildir bæði innan sem utan leikskólans, einnig þótt starfsmaður hættir að starfa á þeim vinnustað sem skyldan ríkti. Þagnarskylda er bæði gagnvart barni og foreldri en ef að foreldri er uppvíst um að beita barn ofbeldi þá vísu skylda fyrir tilkynningaskyldu og ber að tilkynna það leikskólastjóra sem tilkynnir þá barnavernd undir nafni leikskólans eins og fram kemur í

verklagsreglum leikskóla. Samkvæmt 16. grein barnaverndarlaga er „hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd“ einnig er „hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert það tilvik sem telja má að hún eigi að láta sig varða“ (Barnaverndarlög 80/2002:6).

Í hverjum leikskóla á að vera ákveðið verklag um það hvernig skuli tilkynna til barnaverndarnefndar og hver skuli gera það. Í flestum tilfellum er það leikskólastjóri sem tilkynnir. En þrátt fyrir að ákveðið verklag sé í gangi á ákveðinni stofnun getur einstaka starfsmaður einnig tilkynnt til barnaverndarnefndar, þá nýtur sá starfsmaður ekki nafnleyndar þar sem ekki er tilkynnt í nafni leikskólans sem slíks heldur tilkynnir einstaklingur um gruninn. Í sambandi við barnaverndarmál telur Guðrún Kristinsdóttir að líta megi á að höfundar barnaverndarlaganna sýni barnaverndarnefndum aðeins slaka svo þeir geti sjálfir metið hvort raunveruleg ástæða sé til að kanna mál sem tilkynnt er um eður ei (Guðrún Kristinsdóttir, 2004:48). Í barnaverndarlögunum kemur fram að ef að barnaverndarnefnd fær tilkynningu um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroski þess geti verið í hættu vegna vanrækslu, vanhæfni eða hegðunar foreldra, áreitni eða ofbeldis af hendi annarra, skal nefndin taka afstöðu til þess án tafar og skal innan sjö daga frá því að henni barst tilkynning eða upplýsingar ákveða, hvort ástæða sé til þess að kanna málið (Barnaverndarlög 80/2002:7-8). Því ber starfsfólki leikskóla skylda til þess, án tafar að tilkynna um slæma meðferð á barni sé það raunin. Hafa þarf í huga að þeir sem starfa í barnavernd vilja það sem er best fyrir barnið, foreldrana og fjölskylduna þegar á heildina er litið. Anni G. Haugen segir í grein sinni að „samvinna við börn og foreldra í barnaverndarstarfi er mikilvæg og oft forsenda þess að það takist að vinna að breytingum á umönnun og aðbúnaði barna“ (Anni G. Haugen, 2007:231). Ekki átta allir starfsmenn sig á því að leikskólinn er dæmi um formlegan verndandi þátt sem getur dregið úr áhættu í sambandi við vanrækslu og hvers konar ofbeldi gagnvart börnum. Einnig getur fjárhagslegur stuðningur við fjölskyldur barna sem þurfa á þeim að halda eins og barnabætur og fæðingarorlof haft mikið að segja (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2001).

4. Af hverju er þörf á aðgerðarbæklingi

Ofbeldi gagnvart börnum er staðreynd í öllum stéttum heimsins, engin ein stétt er undanskilin. Á aðeins einum af þeim fjórum leikskólum sem ég fór á var auglýsingaspjald frá barnaverndarstofu, með upplýsingum um í hvaða númer ætti að hringja til þess að tilkynna um barn sem beitt er ofbeldi eða vanrækt. Því tel ég að á flesta leikskóla vanti vakningu og aðgerðabækling sem þessari ritgerð fylgir því flestir sem byrja að vinna á leikskóla hafa ekki nokkra einustu hugmynd um þau atriði sem í honum eru rædd, að þau komi þeim eitthvað við, eða viti hvernig þeir eigi að bregðast við. Mikilvægt er að brugðist sé við á réttan hátt svo hægt sé að sannreyna allan grun og vernda barnið fyrir enn meiri skaða sem það gæti orðið fyrir. „Í 96. grein barnaverndarlaganna er kveðið á um refsíákvæði, sem varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, ef ekki er tilkynnt“ (Barnaverndarlög 80/2002:29). Ekki vita margir af þessari grein sem e.t.v. myndi ýta undir að fleiri sæju sér fært um að tilkynna til barnaverndar.

Einnig telur Ingibjörg Gunnarsdóttir yfirfélagsráðgjafi Akraneskaupstaðar að dagmæður ættu að fá eintak af svona bæklingi. Dagmæður sem slíkar njóta ekki sama öryggis og starfsmenn leikskóla, sem geta látið sinn yfirmann vita um grun sinn, sem síðan tilkynnir til barnaverndarnefndar í nafni leikskólans. Dagmæður starfa oftast einar og sér og þurfa þ.a.l. sjálfar að standa á bak við gruninn sem tilkynntur er. Jafnframt eru þær hræddar við að tilkynna þar sem að barnið verður jafnvel fjarlægð frá þeim, en slíkt veldur þá tekjumissi fyrir þá tilteknu dagmóður (Ingibjörg Gunnarsdóttir munnleg heimild, 5. Mars 2009).

Á heimasíðu Barnaheilla undir tilkynningaskyldu stendur að „almennir borgarar eru skyldugir samkvæmt barnaverndarlögum að tilkynna barnaverndarnefnd í viðkomandi sveitarfélagi ef það hefur grun um að barn sé beitt ofbeldi, verði fyrir áreitni eða búi við óviðunandi uppeldisaðstæður“ (Barnaverndarlög 80/2002:6). Ekki vita allir um tilvist tilkynningarskyldunnar en hún er raunveruleg og áriðandi er að fylgja henni eftir.

Enn fremur segir í 17. grein barnaverndarlaganna að hverjum þeim sem vinna með börnum eða að málefnum þeirra að „ítrekuð er skylda þeirra sem starfa með börnum eða hafa afskipti af börnum í sínu starfi að tilkynna ef það hefur grun um að brotið sé gegn barni. Þar eru sérstaklega tilgreindar eftirfarandi starfsstéttir: Leikskólastjórar, leikskólakennarar, dagmæður, skólustjórar, kennarar, prestar, lækningar, tannlækningar,

ljósmæður, hjúkrunarfræðingar, sálfræðingar, félagsráðgjafar, þroskaþjálfarar og aðrir þeir sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf. Þessum starfstéttum er skylt að fylgjast með aðbúnaði, hegðun og uppeldi barna og láta barnaverndarnefnd vita ef ætla má að aðstæður barns séu ekki fullnægjandi“ (Barnaverndarlög 80/2002:6). Eftirfarandi ákvæði sem er nr. 17 í barnaverndarlögunum skal ávallt muna í sambandi við ofangreindar starfsstéttir sem eitthvað hafa með hag barna að en það er að: tilkynningarskylda gengur frammar þagnarskyldu viðkomandi starfstétta, (Barnaverndarlög 80/2002:6) sem þýðir að þessum starfstéttum er skylt að tilkynna mál er varða brot á réttindum barna þó viðkomandi starfsmaður sé bundin þagnarskyldu.

4.1 Uppbygging bæklinga

Tilgangurinn með því að útbúa bækling sem þennan er að hann muni nýtast sem leiðarvísir fyrir leiðbeinendum, leikskólakennara og aðra starfsmenn leikskóla um fyrstu viðbrögð við grun um að barn sé vanrækt eða beitt ofbeldi. Mikilvægt er að bæklingurinn höfði til sem flestra og til að svo verði þarf bæklingurinn að vera hnitmiðaður, auðveldur í lestri og yfirferð og með skýr markmið. Best væri að hafa bæklinginn alltaf tiltækan. Þegar nýr starfsmaður byrjar á leikskóla fengi hann bæklinginn til eignar. Mikilvægt að átta sig á því að þessi atriði sem nefnd eru hér að ofan geta komið upp hvenær sem er og ber að fara varlega í öll þau mál sem tengjast barni á einhvern hátt. Barnið á að vera í fyrsta sæti, ekki vangaveltur um það hvort að ég eigi að láta leikskólastjórann vita eða ekki. Það er skylda mín og annarra í samfélaginu að tilkynna um minnsta grun um að barni sé ekki óhætt á einhvern hátt.

Í Aðalnámskrá leikskóla stendur að leikskólastjórar hafi skyldu, samkvæmt lögum um leikskóla og reglugerð, að sjá til þess að leikskólinn stuðli að samstarfi milli heimilis og leikskóla. Þar kemur einnig fram að leikskólinn eigi að efla tilfinningaþroska barna m.a. að búa barnið undir öryggi, hlýju og festu og að kenna barninu að bera virðingu fyrir sjálfu sér (Aðalnámskrá leikskóla, 1999:9, 30). Jafnframt þarf að koma fram að þótt að bæði barnið og foreldrarnir neiti að skiljast að, verður að tryggja öryggi barnsins, (Anni G. Haugen, 2007:235) sem getur verið erfitt fyrir starfsmann leikskóla eða barnaverndar að horfa upp á. Starfsmenn á leikskóla verða að átta sig á því að

samvinna við foreldra getur verið erfið. En þó að í flestum tilfellum gangi samstarfið vel fyrir sig, geta alltaf komið upp þannig aðstæður sem þarf að bregðast á réttan hátt við.

Bæklingurinn mun vonandi nýtast vel til þess að aðstoða leiðbeinendur í leikskóla, leikskólakennara og aðra starfsmenn innan leikskóla til þess að bregðast rétt við, ef þá grunar hið minnsta að barn sé beitt órétti. Hvort um sé að ræða vanrækslu, andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt ofbeldi. Í 1. grein barnaverndarlaga stendur að“ börn eigi rétt á vernd og umönnun. Þau skulu njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska. Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum þeirra. Þeim ber að búa börnum sínum viðunandi uppeldisaðstæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna. Aðrir sem koma að uppeldi barna skulu sýna þeim virðingu og umhyggju“ (Barnaverndarlög 80/2002:1).

4.2. Hverjum nýtist bæklingurinn

Bæklingurinn getur nýst öllu starfsfólki á leikskóla. Það getur þá áttað sig á því hverju það eigi að fylgjast með, hvað ber að varast og hver eru þau skref sem best er að fara í málum sem upp geta komið á leikskólum er varða almenna vernd og velferð barna sem ekki búa þá við þann kost heima fyrir. Ef að bæklingurinn verður þess valdandi að barni verði bjargað úr aðstæðum sem því er á engan hátt bjóðandi þá er takmarkinu með þessum bæklingi náð. Að vekja starfsfólk leikskóla til umhugsunar um að ofbeldisverk og vanræksla gagnvart börnum getur verið allt í kringum okkur er mjög mikilvægt. Það stendur ekki utan á manneskjunni hvernig foreldri það er. Fólk sýnir oft ekki saman mann og það sýnir heima hjá sér.

4.3. Viðbrögð stjórnenda fjögurra leikskóla Akraneskaupstaðar á bæklingnum

Viðbrögð leikskólastjóranna voru mjög góð, allar voru þær spenntar að fá að sjá bæklinginn þegar hann yrði tilbúinn. Þær sögðu allar að það kæmi í þeirra hlutverk að tilkynna til barnaverndarnefndar. En hvergi var rætt um tilkynningaskylduna við foreldra, en þær voru sammála mér um að það væri ábótavant og hugðust þær jafnvel hér eftir fjalla um tilkynningaskyldu þeirra gagnvart barninu á fundi með foreldrum á haustin. Eins fannst þeim tilvalið að láta nýja starfsmenn fá í hendurnar bæklinginn til skoðunar, stæði það til boða, til þess að auka þekkingu þeirra á þessu alvarlega málefni.

Á einum leikskólanum er verið að vinna að því að bæta skólanámskrána ásamt foreldrum sem eru í foreldraráði og er búið að setja inn klausu um 17. grein barnaverndarlaga sem hljómar svona: „Í barnaverndarlögum er kveðið á um tilkynningaskyldu ef grunur leikur á að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi. Samkvæmt þessum ákvæðum er starfsfólki skylt að fylgjast með hegðun, aðbúnaði og uppeldi barna og tilkynna til barnaverndarnefndar ef ástæða þykir. Tilkynningar af ofangreindum ástæðum ganga framar ákvæðum um þagnarskyldu“ (Guðbjörg Gunnarsdóttir, munnleg heimild. 4. mars 2009). Þetta er nákvæmlega það sem ég sá fyrir mér að stæði jafnvel einnig í deildarnámskrá hvernar deildar sem foreldrar fá í hendur á fyrsta fundi að hausti þegar barn byrjar dvöl á leikskóla. Sem foreldri tæki ég því persónulega ekki sem móðgun heldur sem staðfestingu á því að barnið mitt er sett í forgang, að því sé sýnd umhyggja og að velferð þess sé framar öðru.

Á einum leikskólanum er verið að vinna að forvarnaráætlun en þar taldi leikskólastjórinn að tilvalið væri að koma með klausu um tilkynningaskyldu gagnvart börnum. Flestar sögðu þær að þær myndu ræða tilkynningaskylduna framvegis við alla starfsmenn leikskólans en ekki bara við deildarstjórana, tilvalið væri að gera það á hverju hausti. En aðeins á einum leikskólanum eru verklagsreglurnar sýnilegar og þá inni í undirbúningsherbergi leikskólans. Um er að ræða auglýsingaspjald sem auðvelt er að nálgast og hafa hangandi uppi á vegg þar sem allir starfsmenn sjá til t.d. inni í undirbúningsherbergi fyrir starfsfólk eða inni á kaffistofu starfsmanna.

Í fundargerð frá einum leikskólastjóra sem sat fund með yfirfélagsráðgjafa og félagsráðgjafa á fjölskyldusviði Akraneskaupstaðar í maí 2008, kom fram að frá þessum leikskóla hafa ekki borist tilkynningar til barnaverndar um nein mál í þessum leikskóla, sem er ólíkt hinum tveimur leikskólunum sem þá voru (en fjórði leikskólinn tók til starfa síðla árs 2008, og var því ekki til umræðu á þessum fundi). Einnig kom fram að starfsfólkinu er óhætt að ræða við barn sem ber sig upp með eitthvað sem það lendir í. Er þá mikilvægt að spyrja barnið opinna spurninga eins og (hvar gerðist það?, með hverjum varstu? o.s.frv.). Svona spurningar gefa barninu kost á að svara með eigin orðum, en varast ber að nota leiðandi spurningar sem geta gefið barninu ákveðnar hugmyndir. (Ingunn Ríkharðsdóttir, 2008).

5. Lokaorð

Sem starfsmaður á leikskóla kom aldrei upp sú umræða um hvað ég, sem starfsmaður, ætti til bragðs að taka ef upp kæmi sú staða að ég yrði uppvís um að barn væri beitt ofbeldi eða vanrækt.

Eftir að hafa rætt við einn leikskólastjórann áttaði hún sig á því, að þó að hún, aðstoðarleikskólastjórinn og deildarstjórnir ræði reglulega um verklagsskyldurnar og hvað beri að gera þegar tilkynna þarf til barnaverndar, þá eru þessi mál ekki rædd við aðra innan leikskólans. Fannst henni mjög gott að ég skyldi hafa bent þeim á það, því þær áttuðu sig ekki á þessu. Eins fannst henni mikilvægt að kynna tilkynningarskyldu fyrir foreldrum í byrjun vistunar á opnum fundi að hausti. Að foreldrarnir átti sig á því að leikskólanum ber skylda til þess að tilkynna um allan grun sem tengist vanrækslu eða einhvers konar ofbeldi gagnvart barni í þeirra umsjá. Hefur hún hug á að setja þetta í skólanámskrá og ræða um þetta á fyrsta fundi komandi hausts með nýjum foreldrum.

Ég vona innilega að bæklingurinn sem ég hef gert muni koma barni eða börnum til bjargar. Að tilvist bæklingsins og lesning muni kveikja á einhverjum perum og að hann verði þá barni til bjargar. Mikilvægast í heiminum er að vernda börnin okkar, þau eru það dýrmætasta sem við eigum og ber okkur því skylda til að passa upp á að lífið bjóði þeim upp á allt það besta sem völ er á. Bæklingurinn er gerður með það í huga að vekja starfsfólk til umhugsunar og hjálpa þeim að lesa í þær aðstæður sem börn eru e.t.v. stödd í en ekki þannig að allir rjúki til og tilkynni óþarfa áhyggjur eða einangruð atvik þar sem barn mætir óburstað eða skítugt í leikskólann eitt og eitt skipti.

Barnaverndarnefndir starfa með það að leiðarljósi að vernda börn sem ekki hljóta vernd á sínu eigin heimili og hjá sínum eigin foreldrum. Þær starfa eftir barnaverndarlögum sem vilja umfram allt tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður fái nauðsynlega aðstoð. Jafnframt telja barnaverndarnefndir það mikilvægt að stíá ekki barni frá foreldrum sínum heldur að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum eftir því sem þörf er á (Barnaverndarlög 80/2002:9). Ekki ætti að líta á barnaverndarnefndir sem eitthvað slæmt, heldur sem hjálpartæki fyrir foreldra fari eitthvað úrskeiðis við uppeldið. Nefndirnar vinna með það að markmiði að börnum sé óhætt, að um þau sé hugsað og að þau hljóti þau lífsskilyrði sem þau eiga rétt á.

Að mínu mati tel ég að enginn vilji hafa það á samviskunnni að hafa átt þátt í að skemma barnið sitt. Verndum því börnin okkar. Þeirra hagur er okkar hagur. Ef að börnunum okkar er búið gott veganesti fyrir framtíðina mun það fylgja þeim og afkomendum þeirra um ókomna tíð.

6. Heimildaskrá

Aðalnámskrá Leikskóla. (1999). Menntamálaráðuneytið. Reykjavík:

Menntamálaráðuneytið.

Aldís Guðmundsdóttir. (1997). *Sálfræði. Vöxtur og þroski.* Reykjavík: Mál og menning.

Anna María Jónsdóttir. (2006). *Hvað er barni fyrir bestu: Úttekt á samstarfi Leikskóla*

Reykjavíkur og Barnaverndar Reykjavíkur. Tímarit félagsráðgjafa, 1. Árgangur,

21-29. Reykjavík: Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa.

Anni G. Haugen. (2004). *Beiting úrræða í barnaverndarmálum, mörkin milli stuðnings*

og þvingunar og ákvörðunarferlið. Hlutur Íslands í norrænni

samanburðarrannsókn. Barnaverndarstofa Ritröð 1. Reykjavík: Gutenberg.

Anni G. Haugen. (2007). *Samvinna í barnavernd.* Rannsóknir í félagsvísindum VIII:

félagsvísindadeild. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Ayers, Lauren. (2007). *How to protect kids from child molesters.* Ásamt Ed Girtler,

NYSP Senior Investigator Ret. (Kafli 5). 76-85. Appledorn Publishers. United

States: Guilderland, New York.

Ágúst Ingi Jónsson. (2009, 25. febrúar). Fréttaskýring: *Meiri annir í barnahúsi en*

nokkru sinni. Mbl.is. Sótt 25. febrúar 2009 af heimasíðu morgunblaðsins:

http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2009/02/25/meiri_annir_i_barnahusi_en_nokkru_sinni/?ref=fprenningur

Ásta Krístrún Ólafsdóttir. (2003). *Andlegt ofbeldi gagnvart börnum.* Uppeldi. Tímarit

um börn og fleira fólk. Reykjavík: 4. tbl. 16. árgangur, 39-41.

Barker, Judy og Hodes, Deborah. (2004). *The Child in Mind*. A child protection handbook. Routledge: London.

Barnaheill.is (e.d.a). *Vanræksla*. Sótt 17. febrúar 2009 af heimasíðu Barnaheilla:

http://www.barnaheill.is/verndumborn/index.php?option=com_content&task=view&id=40&Itemid=37

Barnaheill.is (e.d.b). *Andlegt ofbeldi*. Sótt 17. febrúar 2009 af heimasíðu Barnaheilla:

http://www.barnaheill.is/verndumborn/index.php?option=com_content&task=view&id=32&Itemid=44

Barnaverndarlög nr. 80. (2002). Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.

Barnaverndarstofa. (2006). *Verklagsreglur um tilkynningaskyldu*

starfsmanna leik- grunn og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda. Sótt 17.

janúar 2009 af heimasíðu barnaverndarstofu:

<http://www.bvs.is/files/file494.pdf>.

Barnaverndarstofa. (2008a). *Árskýrsla 2006-2007*. (Ábyrgðamaður: Bragi

Guðbrandsson). Reykjavík: Umbrot og prentun: Gutenberg.

Barnaverndarstofa. (2008b). *Yfirlit yfir barnaverndarmál á fyrstu sex mánuðum*

ársins 2008. Sótt 18. febrúar 2009 af heimasíðu barnaverndarstofu:

<http://www.bvs.is/files/file691.pdf>

Barnaverndarstofa. (2009a). *Hlutverk barnaverndarstofu*. Sótt 28. mars 2009 af

heimasíðu barnaverndarstofu: <http://bvs.is/?m=1&ser=17>

Barnaverndarstofa. (2009b). *Barnaverndarnefndir*. Sótt 28. mars 2009 af heimasíðu

barnaverndarstofu: <http://bvs.is/?m=4&ser=95>

Freeman, Lory. (2007). *Þetta er líkami minn*. 6. Prentun. Útgáfuréttur á Íslandi:

Ingibjörg Georgsdóttir. Reykjavík: Samtökin Barnaheill.

Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2001, febrúar). *Ófullnægjandi umönnun og uppeldisskilyrði barna* á www.doktor.is. Sótt 20. janúar 2009 af heimasíðu doktor.is:
http://www.doktor.is/index.php?option=com_dgreinar&do=view_grein&id_grein=1289

Freydís Freysteinsdóttir. (2003). *Skilgreiningar og flokkun á misfellum á umönnun og uppeldisskilyrðum barna*. Í Friðrik H. Jónsson (ritstj.) Rannsóknir í félagsvísindum IV. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2004). *Endurtekinn misbrestur í uppeldi barna: Helstu áhættuþættir*. Í Ú. Hauksson (ritstjóri) Rannsóknir í félagsvísindum V. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2005, júní). *Skilgreiningar og flokkunarkerfi. Skilgreiningar- og flokkun í barnaverndarmálum*. Sótt 5. mars 2009 af heimasíðu Barnaverndarstofu: <http://bvs.is/?ser=265&m=>

Guðrún Jónsdóttir. (2001). *Sifjaspell*. Reykjavík: Stigamót.

Guðrún Friðgeirsdóttir og Margrét Jónsdóttir. (1995). *Uppeldi*. Kennslubók fyrir framhaldsskóla. Reykjavík: Mál og menning.

Guðrún Kristinsdóttir. (2004). *Barnaverndarmál*. Skilgreining hugtaksins og samanburður við nágrannalönd. Reykjavík: Félagsþjónustan.

Hamilton, C.E. & Browne, K.D. (1999). *Recurrent maltreatment during childhood: A survey of referrals to police child protection units in England*. Child Maltreatment, 4, 275-286. Útgefandi: SAGE.

- Halla Gunnarsdóttir. (2003). *Á ábyrgð samfélagsins. Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum*. Uppeldi. Tímarit um börn og fleira fólk. Reykjavík: 4. Tbl. 16. árgangur, 34-37.
- Ingunn Ríkharðsdóttir. (2008). *Fundur með félagsráðgjöfum fjölskyldusviðs*. Fundargerð. Akranes: leikskólinn Garðasel Akranesi.
- Jónína Einarsdóttir, Sesselja Th. Ólafsdóttir og Geir Gunnlaugsson. (2004). *Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi. Höggva – hýða – hirta – hæða – hóta – hafna – hrista – hræða*. Reykjavík: Miðstöð heilsuverndar barna, umboðsmaður barna. Gutenberg.
- Kay, Janet. (2003). *Protecting Children. A Practical guide*. 2nd edition. London og New York: Continuum.
- Kristján Már Magnússon. (2003). *Geðraskanir barna: Áhættuhegðun og fyrirbyggjandi aðgerðir*. Samtök barnageðs, félag foreldra og áhugafólks um geðraskanir barna og unglunga. Sótt 11. mars 2008 af heimasíðu barnageðs:
<http://www.barnaged.is/?s=73&ss=81>
- Miller-Perrin, C.L. og Perrin, R.D. (2007). *Child Maltreatment: An Introduction*. (2. Útgáfa), 1-475. California: SAGE Publications Inc.
- Munro, Eileen. (2008). *Effective Child Protection*. 2. Útgáfa. London: SAGE.
- Munro, Eileen and Parton Nigel. (2007). *How far is England in the Process of introducing a Mandatory Reporting System*. Child abuse Review Vol.16, 5-16. Published online in Wiley Interscience. (www.interscience.wiley.com).

Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir. (2006). *Verndum þau*. Hvernig bregðast á við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglingum. Reykjavík: Mál og menning.

Rogosch, F. A., Cicchetti, D., Shields, A. Og Toth, S.I. (1995). *Parenting dysfunction in child maltreatment*. In M. H. Bornstein (Ritstj.), *Handbook of parenting: Vol. 4. Applied and practical parenting*. New Jersey: EA.

Shaffer, David R. (2002). *Developmental Psychology. Childhood & Adolescence*. Sixth Edition. Belmont: Wadsworth.

Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands. (1996, desember). 3. mgr. 76. gr. Sótt 27. mars 2009 af heimasíðu Snerpu: <http://www.snerpa.is/net/log/stjornar.htm>

Taylor, C.A., Guterman, N.B., Lee, S.J. og Rathouz, P.J. (2009). *Intimate Partner Violence, Maternal Stress, Nativity, and Risk for Maternal Maltreatment of Young Children*. Vol. 99, No.1, 175-184. Washington: American Journal of Public Health.

Úr dimmu í ljósið. (e.d.). *7 skref til verndar börnunum okkar*. Leiðarvísir fyrir ábyrgt fullorðið fólk. Blátt áfram. Sótt 21. janúar 2009 af heimasíðu blátt áfram samtakanna:

http://www.blattafram.is/FileLib/skjalasafn/sjo_skref_til_vernda_barna.pdf

Þórhildur Líndal. (2007). *Barnasáttmálinn*. Rit um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins með vísun í íslenskt lagaumhverfi. Útgefið af UNICEF Ísland. Reykjavík: Prentsmiðjan Oddi hf.

7. Aukaskjal/bæklingurinn